

ÁRSSKÝRSLA 2022



Vorið 2023.

Farskólinn – miðstöð símenntunar á Norðurlandi vestra.

Bryndís Kristín Williams Práinsdóttir.

Ljósmynd á forsíðu:

Ljósmynd tekin við útskrift af „Leikskólaliða- og stuðningsfulltrúabréf“ vorið 2022.

Ljósmynd: Farskólinn.

Efnisyfirlit

Um Farskólann.....	4
Stofnun og stofnaðilar.....	4
Stjórn og varastjórn.....	5
Gildi Farskólans.....	6
Mannauður.....	6
Fjárframlög frá opinberum aðilum til reksturs og verkefna.....	8
Starfsemi Farskólans í tölum.....	9
Um fræðslustarfið - tölfræði.....	12
Námskeið.....	12
Þátttakendur.....	16
Námið.....	18
Framhaldsfræðsla - Vottaðar námsleiðir.....	18
Íslenska fyrir útlendinga.....	24
Starfstengd námskeið – persónuleg færni.....	27
Fjölmennt – fullorðinsfræðsla fatlaðra.....	29
Önnur námskeið.....	29
Náms- og starfsráðgjöf.....	32
Raunfærnimat.....	35
Háskólanám.....	37
Þróunarstyrkir 2022.....	39
Gæðastarf og viðurkenning.....	40
Samstarf og önnur verkefni.....	42
Húsnæði og búnaður.....	46
Starfsáætlun 2023.....	47
Lokaorð.....	49
Fylgiskjöl.....	51

Um Farskólann

STOFNUN OG STOFNAÐILAR

Farskólinn – miðstöð símenntunar á Norðurlandi vestra var formlega stofnaður á Sauðárkróki 9. desember árið 1992 og fékk við það sína eigin skipulagsskrá. Starfsár Farskólans eru því orðin 30. Samkvæmt endurskoðaðri skipulagsskrá, sem samþykkt var af sýslumanninum á Sauðárkróki 16. apríl 2009, eru markmið Farskólans meðal annars að efla endur- og símenntun á Norðurlandi vestra, greina þarfir fyrir fræðslu og standa fyrir hvers konar námi.

Formlegir núverandi stofnaðilar að Farskólanum eru: Húnaþing vestra, Húnavatnshreppur (Húnabyggð), Blönduós bær (Húnabyggð), Sveitarfélagið Skagaströnd, Akrahreppur og Sveitarfélagið Skagafjörður. Stéttarfélagið Samstaða og Aldan stéttarfélag, Kjölur, stéttarfélag starfsmanna í almannatjónustu. Verslunarmannafélag Skagfirðinga, HSN Sauðárkróki, Fisk Seafood ehf., Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra og Háskólinn á Hólum.

Starfssvæði Farskólans nær frá Hrutáfirði í vestri og til miðs Tröllaskaga í austri. Norðurland vestra er 13.106 km² eða 12,7% af flatarmáli Íslands. Á svæðinu voru sjö sveitarfélög og er Sauðárkrókur stærsti þéttbýliskjarninn. Íbúar á Norðurlandi vestra voru um 7405 árið 2022 samkvæmt mælaborði Bygðastofnunar. Sjá: <https://www.byggdastofnun.is/is/utgefing/maelaborð/ibuafjöldi-1-januar>.



Myndin sýnir starfssvæði Farskólans

STJÓRN OG VARASTJÓRN

Samkvæmt skipulagsskrá sitja fimm aðalmenn í stjórn Farskólans og er hún kosin til tveggja ára í senn. Ekkert stjórnarkjör fór fram vorið 2022 en þó urðu breytingar á stjórn þegar Erla Björk Örnólfsdóttir gekk úr stjórn og í hennar stað kom Hólmfríður Sveinsdóttir, nýr rektor á Hólum. Formaður stjórnar er Guðmundur Finnbogason frá stéttarfélaginu Samstöðu. Sjá töflu 1.

Tafla 1. Stjórn Farskólans, sem kosin var á aðalfundi vorið 2021 og situr til ársins 2023.

Stofnun / samtök	Aðalfulltrúar	Varafulltrúar
Stéttarfélög - Samstaða	Guðmundur Finnbogason	Þórarinn Sverrisson
Fyrirtæki og stofnanir - FISK	Hulda Björg Jónsdóttir	Bryndís Lilja Hallsdóttir
Sveitarfélög – Blönduósbær	Hjálmar B. Guðmundsson	Rakel Runólfsdóttir
Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra	Ingileif Oddsdóttir	Þorkell Þorsteinsson
Háskólinn á Hólum	Hólmfríður Sveinsdóttir	Lára Gunndís Magnúsdóttir

Árið 2022 voru haldnir þrjú formlegir stjórnarfundir. Aðalfundur var haldinn mánudaginn 09. maí.



Frá stjórnarfundum í Farskólanum í byrjun september 2022. Frá vinstri: Hólmfríður Sveinsdóttir, Ingileif Oddsdóttir, Hulda Jónsdóttir, Bryndís Þráinsdóttir, Guðmundur Finnbogason og Hjálmar B. Guðmundsson. Ljósmynd: Farskólinn.

Vorfundur Farskólans, sem er stefnumótunarfundur samkvæmt skipulagsskrá, var haldinn 7. desember á Akureyri. Í tilefni af 30 ára afmæli Farskólans ákvað stjórn að kynna sér starfsemi SÍMEY á Akureyri og heimsækja FabLAB smiðju í VMA á Akureyri.

GILDI FARSKÓLANS

Á vorfundi Farskólans 24. júní 2019 voru gildi Farskólans ákveðin eftir nokkra stefnumótunarvinnu. Gildin eru: *Framsækni*, *virðing* og *sveigjanleiki*.

Framsækni: Farskólinn er framsækin miðstöð símenntunar á Norðurlandi vestra sem leggur áherslu á fagmennsku á öllum sviðum. Fagmennskan byggir meðal annars á námskrám, áætlunum og gæðaviðmiðum sem Farskólinn hefur sett sér. Farskólinn vill vera í fremstu röð þegar kemur að framförum og nýjungum.

Virðing: Í Farskólanum mætum við hverjum námsmanni þar sem hann er staddur og væntum mikils af honum. Við stuðlum að og virðum: jafnrétti, lýðræði og mannréttindi. Í Farskólanum er borin virðing fyrir starfsfólki og námsmönnum og þeim eru boðnar góðar aðstæður til vinnu og náms.

Sveigjanleiki: Farskólinn leitar leiða til að koma til móts við þarfir einstaklinga, fyrirtækja og stofnana. Farskólinn er fljótur að bregðast við aðstæðum sem koma fram í samfélaginu fyrir nám og þjálfun.

MANNAUÐUR

Árið 2022 voru fastráðnir starfsmenn Farskólans þrír. Starfsmönnum hefur þá fækkað um tvo frá árinu 2021. Starfsmenn eru:

- Bryndís Kristín Williams Þráinsdóttir: Framkvæmdastjóri. Fjármál, stjórnun, verkefnastjórn.
- Halldór B. Gunnlaugsson: Verkefnastjórn; fræðsluáætlanir fyrirtækja og stofnana, kennsla.
- Jóhann Ingólfsson: Verkefnastjórn; íslenskunámskeið, háskólanám, tæknimál, kennsla.

Auk þess sá Margrét Guðmundsdóttir, frá bókhaldsstofunni KOM, um að færa bókhald. Aðalheiður Reynisdóttir, náms- og starfsráðgjafi tók ráðgjafaviðtöl fyrir Farskólann ásamt Söndru Sif Ragnarsdóttur, náms- og starfsráðgjafa SÍMEY en Farskólinn gerði samstarfssamning við SÍMEY um ráðgjafajónustu.

Gígja Símonardóttir, fór í veikindaleyfi í byrjun janúar og lét af störfum í kjölfarið.



Frá „vorfundi“ Farskólans 7. desember. Frá vinstri: Halldór B. Gunnlaugsson, Þorkell Þorsteinsson, Guðmundur Finnbogason, Ingileif Oddsdóttir, Jóhann Ingólfsson og Valgeir Magnússon. Ljósmynd: Farskólinn.

Leiðbeinendur og verktakar í kennslu

Í gæðahandbók Farskólans segir: „Farskólinn leitast við að ráða leiðbeinendur sem hafa fagmenntun/sérfræðipækkingu og/eða kennsluréttindi á því sviði sem kennt er s.s. ef um réttinda- eða einingabært nám er að ræða. Ef ekki fæst leiðbeinandi með kennsluréttindi eða einstaklingur með fagmenntun til verksins er leitast við að ráða eins hæfan einstakling og mögulegt er. Í öðru námi svo sem eins og á tómsundanámskeiðum er horft meira til sérfræðipækkingar og færni leiðbeinandans ...“.

Leiðbeinendur á námskeiðum Farskólans voru allir verktakar. Þeir leiðbeinendur sem komu að kennslu námskráa FA voru nánast allir með kennsluréttindi. Leiðbeinendur á íslenskunámskeiðum hafa flestir kennsluréttindi og reynslu í að kenna íslensku fyrir útlendinga. Halldór B. Gunnlaugsson, verkefnastjóri, kenndi tölvulæsi á átta námskeiðum fyrir 60+ hópinn. Nánar er sagt frá því í kaflanum um námskeið.

Gerðir voru verktakasamningar við leiðbeinendur á stærri námskeiðum þar sem fram kom: heiti verkefnis, nafn verktaka, kennitala og bankaupplýsingar, verktakagreiðslur, vísan í gæðamál og hvernig skuli fara með greiðslur til hins opinbera.

Fjárframlög frá opinberum aðilum til reksturs og verkefna

Árið 2022 fékk Farskólinn styrk frá Félags- og vinnumarkaðsráðuneytinu til reksturs að upphæð 27,5 milljóna króna og rúmlega 1,5 milljón vegna umsýslu við háskólanemendur frá Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytinu.

Farskólinn fékk framlög úr Fræðslusjóði til að kenna vottaðar námsleiðir Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins og til verkefna í náms- og starfsráðgjöf og raunfærnimati. Farskólinn fékk einnig framlög frá Fjölmennt – fullorðinsfræðslu fatlaðra til að skipuleggja námskeið og Rannís, vegna íslenskukennslu fyrir útlendinga. Stofnaðilar greiddu vildargjöld til Farskólans samkvæmt ákvörðun aðalfundar 2021. Sjá töflu 2.

Tafla 2. Taflan sýnir helstu framlög og styrki frá opinberum aðilum til Farskólans árið 2022.

Framlag frá	Verkefni	Styrkupphæð
Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið	Rekstrarstyrkur.	27.500.000,-
Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið	Íslenska fyrir útlendinga (Rannís).	1.890.000,-
Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytið	Styrkur vegna umsýslu háskólanáms.	1.550.000,-
Stofnaðilar	Greitt vildargjald frá stofnaðilum.	1.550.000,-
Fræðslusjóður. Framlög til verkefna – Til athugunar. Hér á eftir að taka tillit til uppgjörs/endurgreiðslna.	Vottaðar námsleiðir FA, náms- og starfsráðgjöf, raunfærnimat og framlag vegna vottaðrar námsleiðar FA fyrir VMST.	21.940.000,-
Fjölmennt, framlag til verkefna.	Fræðsluverkefni fyrir fólk með fötlun.	2.000.000,-
Samtals loforð um framlög:		56.430.000,-

Fjallað er nánar um fjárframlög og uppgjör til Fræðslusjóðs í köflum um einstök verkefni.

Félags- og vinnunmarkaðsráðuneytið


Samningur um fjárframlag á grundvelli fjárlaga var gerður á milli Farskólans og Félags- og vinnunmarkaðsráðuneytisins. Samningurinn gildir til loka ársins 2023. Heildarframlag ráðuneytisins árið 2022 var 27,5 milljónir króna. Í 1. grein samningsins stendur meðal annars: *Meginmarkmið með samningi þessum eru að Farskólinn mun vinna að markmiðum laga um framhaldsfræðslu, nr. 27/2010, með því að reka miðstöð framhaldsfræðslu á Norðurlandi vestra, greina þarfir fyrir fræðslu og bjóða ráðgjöf, raunfærnimat og námskeið fyrir markhópa laganna ... Farskólinn skal vera með fjarnáms- og kennsluáðstöðu á Norðurlandi vestra vegna framhaldsfræðslu og nemenda á háskólastigi eftir því sem þörf er á og fjárhagar leyfir.* (Úr samningi við félags- og vinnunmarkaðsráðuneytið, árið 2022).

Í lok desember barst Farskólanum framlag upp á 1.548.000 kr frá Háskóla- iðnaðar- og nýsköpunar-ráðuneytinu vegna þjónustu við háskólanemendur.

STARFSEMI FARSKÓLANS Í TÖLUM

Farskólinn er á fjárlögum og er skólinn ekki rekinn með hagnaðarsjónarmið í huga (non – profit). Auk þess kemur styrkur eða vildargjöld frá stofnaðilum.

Mynd 1 sýnir yfirlit yfir rekstrartölur Farskólans frá árinu 2013 til ársins 2022 og sýnir myndin breytingar á fjárhagslegu umfangi starfseminnar á tímabilinu og rekstrarniðurstöðu hvers árs. Árin 2014 og 2019 var hagnaður af starfseminni verulegur. Árið 2014 var verkefnið „Menntun núna í Norðvesturkjördæmi í gangi“ og fylgdi því aukaframlög til ýmissa verkefna og árið 2019 voru tekjur verulega hærrí en árið á undan auk þess sem starfsmaður Farskólans fór í barneignarleyfi og var ekki var ráðinn nýr í hans stað. Nánari skýringar eru í ársreikningi fyrir 2022.




Mynd 1. Myndin sýnir rekstrartölur í þúsundum króna árin 2013 – 2022.

Rekstrarniðurstaða ársins 2022 var neikvæð um 5.583.231 kr. Skýringarnar felast meðal annars í færri verkefnum en árin á undan. Afleiðinga Covid faraldursins gætti enn fyrri hluta ársins. Starfsmenn voru einungis tveir hluta ársins vegna veikinda. Ef niðurstöðutölur eru skoðaðar undanfarin 10 ár þá er samanlagður hagnaður af rekstrinum um ein milljón króna á tímabilinu.

Tekjur


Á mynd 2 má sjá hlutfallslega skiptingu tekna frá árinu 2017 – 2022. Tekjur vegna verkefna Fræðslusjóðs, íslenskukennslu, Fjölmennt og annarra fræðsluverkefna flokkast hér sem „Tekjur vegna verkefna“.



Mynd 2. Myndin sýnir hlutfallslega skiptingu tekna árin 2017 – 2022.

Útgjöld

Laun og launatengd gjöld vegna starfsmanna má sjá á mynd 3. Árið 2021 voru fimm starfsmenn í Farskólanum í 4,5 stöðugildum. Um mitt ár 2022 voru þrír starfsmenn í þremur stöðugildum. Á mynd 3 má sjá hlutfallslega skiptingu gjalda frá árinu 2017.




Mynd 3. Myndin sýnir hlutfallslega skiptingu gjalda frá árinu 2017.

Um fræðslustarfið - tölfræði

NÁMSKEIÐ

Í Farskólanum er starfsárinu skipt upp í tvö tímabil; vorönn og haustönn. Þau námskeið sem ná yfir áramót eða sumarfrí teljast sem tvö námskeið og eru skilgreind sem fyrri hluti og seinni hluti.

Árið 2022 voru haldin samanlagt 76 námskeið og fyrirlestrar af öllum stærðum og gerðum; allt frá námskeiðum sem stóðu yfir í 300 kennslustundir til námskeiða eða fyrirlestra sem stóðu yfir í rúma klukkustund. Í viðauka má finna nánari upplýsingar um námskeiðin. Námskeiðum og fyrirlestrum fækkaði á milli ára eða um sex námskeið. Ástæðuna má meðal annars rekja til heimsfaraldurs covid 19 en einnig má ætla að starfsmannabreytingar og veikindi hafi haft einhver áhrif. Sjá nánar á mynd 4 sem sýnir fjölda námskeiða og fyrirlestra.




Mynd 4. Myndin sýnir fjölda námskeiða og fyrirlestra á hverju ári frá 2013 – 2022.

Námskeiðsflokkar

Námskeið Farskólans 2022 voru, eins og undanfarin ár, flokkuð í eftirfarandi fimm flokka:

- **Vottaðar námsleiðir FA** (framhaldsfræðsla) sem voru fjármagnaðar af Fræðslusjóði.
- **Starfstengd námskeið** sem tengdust störfum fólks eða voru til að efla persónulega færni þess.
- **Íslenskunámskeið** sem styrkt voru af félags- og vinnumarkaðsráðuneytinu (Rannís).
- **Fjölmennt.** Námskeið sem styrkt voru af Fjölmennt og ætluð skjólstæðingum þeirra.
- **Tómstundanámskeið** (Gagn og gaman).


Farskólinn leggur mesta áherslu á að bjóða upp á þjónustu og nám fyrir markhóp framhaldsfræðslunnar, til dæmis vottaðar námsleiðir FA, nám sem tengist störfum fólks úti í atvinnulífinu og íslensku fyrir útlendinga, sem sest hafa að á Norðurlandi vestra. Starfstengd námskeið og fyrirlestrar voru samtals 76 árið 2022. Sjá nánar um fjölda námskeiða í hverjum flokki á mynd 5.



Mynd 5. Myndin sýnir fjölda námskeiða/fyrirlestra eftir flokkum frá árinu 2018.

Námskeið voru haldin um allt Norðurland vestra


Flest námskeið voru haldin í sveitarfélaginu Skagafirði eða 24 námskeið (20 árið 2021). Í Húnaþingi vestra voru haldin fjögur námskeið (4 árið 2021), sex á Blönduósi (8 árið 2021) og sex á Skagaströnd (8 árið 2021). Árið 2022 voru haldin 34 vefnámskeið. Má þar meðal annars nefna *Leikskólaliða- og stuðningsfulltrúabréu*, *Færni í ferðaþjónustu*, *Grunnmennt* og fjöldann allan af starfstengdum námskeiðum. Sjá nánar á mynd 6.



Mynd 6. Myndin sýnir fjölda námskeiða á hverjum stað og fjölda vefnámskeiða.


Kennslu- og nemendastundir

Árið 2022 voru kennslustundir á námskeiðum og fyrirlestrum **1.557** (1.722 árið 2021). Hver kennslustund var 40 mínútur að lengd. Sjá mynd 7.



Mynd 7. Myndin sýnir fjölda kennslustunda árið 2022 og samanburð við árin á undan.

Árið 2022 voru nemendastundir **11.447** (13.909 árið 2021). Nemendastundum fækkaði um tæp 18% á milli ára. Nemendastundir eru fundnar með því að margfalda saman fjölda þátttakenda og fjölda kenndra stunda á hverju námskeiði fyrir sig og leggja tölurnar síðan saman. Sjá mynd 8 sem sýnir fjölda nemendastunda eftir árum.



Mynd 8. Fjöldi nemendastunda árið 2022 og árin á undan.




Frá námskeiði í tölvulæsi fyrir 60+ á Blönduósi. Ljósmynd: Farskólinn.

ÞÁTTAKENDUR

Fjöldi þátttakenda, kynjaskipting og aldur

Árið 2022 sóttu **707** nemendur (830 árið 2021) námskeið og fyrirlestra í Farskólanum. Námsmönnum fækkaði um 15% á milli ára. Fjöldi kvenna var **530** (647 árið 2021). Fjöldi karla var **177** (183 árið 2021). Sjá mynd 9.




Mynd 9. Myndin sýnir fjölda karla og kvenna á námskeiðum Farskólans frá árinu 2003 til og með árinu 2022.

Árið 2022 var meðalaldur námsmanna Farskólans **47** ár (44 ár árið 2021). Flestir námsmenn voru á aldrinum **59** ára (41 árs árið 2021). Elsti námsmaðurinn var **86** ára (86 ára árið 2021) og sá yngsti var **18** ára (16 ára 2021).

Þegar búið er að taka tillit til þeirra sem komu *oftar en einu sinni* á námskeið þá voru námsmenn eða kennitölur **550** (529 árið 2021).

Hvaðan af Norðurlandi vestra komu þátttakendur?

Flestir námsmenn Farskólans komu frá Sauðárkróki eða 286 námsmenn en það eru 40% námsmanna. Frá Blönduósi komu 84 námsmenn og frá Hvammstanga komu 84 námsmenn. Sjá nánar mynd 10 sem sýnir í hvaða póstnúmerum námsmenn áttu lögheimili.



Mynd 10. Myndin sýnir í hvaða póstnúmerum námsmenn Farskólans áttu lögheimili árið 2022.

Námið

Markaðsstarf og aðrar auglýsingar

Haustið 2022 var ákveðið að gefa ekki út námsvísi eins og árin á undan en auglýsa þess í stað og kynna starfsemi skólans reglulega í staðarmiðlum á svæðinu. Námskeið voru einnig kynnt á heimasíðu og á Facebook. Þessi tilraun virðist ekki hafa breytt neinu varðandi skráningar á námskeið og fyrirlestra.

FRAMHALDSFRÆÐSLA - VOTTAÐAR NÁMSLEIÐIR

Árið 2022 nam vilyrði fyrir framlagi Fræðslusjóðs til að kenna vottaðar námsleiðir FA samtals **12.146.000 kr.** (12.033.000 kr árið 2021). Síðar á árinu kom framlag vegna verkefna fyrir Vinnumálastofnun upp á **2.250.000 kr.** Um það verkefni er fjallað nánar á bls. 23. Markmið ársins 2022 náðust ekki. Farskólinn nýtti 64% af styrk Fræðslusjóðs og endurgreiddi Farskólinn 4.404.361 kr til sjóðsins í lok ársins. Framlagið nam því á endanum **7.741.640 kr** eftir uppgjör vegna 2022. Ástæður fyrir því hversu illa gekk að fá þátttakendur inn í námskeið eru meðal annars taldar tengjast eftirköstum Covid ásamt því að skólinn var tímabundið undirmannaður vegna veikinda. Eins má nefna að enginn fastráðinn náms- og starfsráðgjafi var starfandi við skólann en hans hlutverk hefur meðal annars verið að heimsækja vinnustaði og kynna námsframboð.

Árið 2022 voru kenndar í Farskólanum fimm vottaðar námsleiðir FA. Tvær voru kenndar tvisvar (mismunandi hópar). Mennta- og menningarmálaráðuneytið (hið gamla) samþykkti að meta mætti námsleiðirnar til framhaldsskólalæininga, en þó væri það undir hverjum og einum framhaldsskóla komið hvort og hvernig hann mæti námið inn í sinn skóla. Sjá nánar um framkvæmd í töflu 3.

Upplýsingar um framkvæmd námsleiða FA eru vel aðgengilegar í Farskólanum hverju sinni, þar sem verkefnastjórar skila *formlegri skýrslu* um framkvæmd þeirra.

Tafla 3. Taflan sýnir þær vottuðu námsleiðir FA, sem kenndar voru árið 2022.

Vottaðar námsleiðir	Hlutfall *	Hvar haldnar	Athugasemdir
Grunnmennt 1	50%	Sauðárkrókur	Útskrift vorið 2022.
Leikskólal- og stuðningsf.brú – 4. önn	25%	Sauð., Varmahl.	Zoom. Lauk vorið 2022.
Grunnnámskeið fyrir fiskvinnslufólk	100%	Sauðárkrókur	Starfsfólk FISK. Pólverjar (flestir).
Grunnnámskeið fyrir fiskvinnslufólk	100%	Sauðárkrókur	Starfsfólk FISK. Búlgarar.
Færni í ferðaþjónustu 1	100%	Zoom	VMST. Íslendingar.
Færni í ferðaþjónustu 1	100%	Zoom.	VMST. Fyrir fólk af erl. bergi brotið.
Skref til sjálfshjálpar - íslenska	100%	Sauðárkrókur	Fyrir Pólverja.

*Þessi dálkur sýnir hversu stór hluti námsleiðarinnar var kenndur árið 2022.

Leikskólaliða- og stuðningsfulltrúabré

Haustið 2020 hóf nýr hópur nám á **leikskólaliða- og stuðningsfulltrúabré**. Ellefu konur hófu námið. Vorið 2021 fóru þær í raunfærnimat hjá Farskólanum.

Leikskólaliða- og stuðningsfulltrúabréin var samstarfsverkefni Farskólans og SÍMEY, símenntunarmiðstöðvar Eyjafjarðar. Kennt var í gegnum Zoom.

Nemendur voru staðsettir á Blönduósi, Sauðárkróki og á Akureyri. Kennarar voru staddir á Akureyri á öllum námskeiðum nema einu. Kennt var einn dag í viku; á miðvikudögum frá kl 17:00 - 21:00 með undantekningum þó. Stuðst var við speglaða kennslu þar sem nemendur voru búnir að hlusta á fyrirlestra heima áður en þeir mættu í kennslustund og voru kennslustundir nýttar í verkefnavinnu, frekar enn að hlusta á fyrirlestra. Ætlast var til að nemendur skiluðu heimavinnu á milli kennsludaga.

LearnCove var tekið í notkun sem kennslukerfi og skráðu kennarar mætingar og vinnu vegna verkefna ásamt einkunnum þar inn.

Leiðbeinendur komu flestir frá Akureyri. Leiðbeinendur voru: Sigríður Ásta Hauksdóttir, Kristín Elva Viðarsdóttir, Aníta Jónsdóttir, Ingunn Vigdís Sigmarsdóttir, Hannesína Scheving, Sandra Hilmarsdóttir, Sonja Sif Jóhannsdóttir og Anna Lilja Sævarsdóttir.

Jóhann Ingólfsson tók við verkefnastjórn af Söndru Hilmarsdóttur í nóvemberlok. Bryndís Kristín Williams Þránsdóttir tók við verkefninu undir lokin og sá um útskrift.

Vorið 2022 útskrifuðust sex úr náminu við hátíðlega athöfn. Það var ekki skoðað á vísindalegan hátt hvers vegna námsmenn heltust úr lestinni en þó er talið að Covid faraldurinn hafi átt einhvern þátt í því hjá sumum. Þau sem útskrifuðust voru á aldrinum 23 ára til 58 ára. Meðalaldur námsmanna var 37 ár.



Frá útskrift úr Leikskóla- og stuðningsfulltrúabré og Grunnmennt vorið 2022. Ljósmynd: Farskólinn.

Grunnmennt 1

Námskráin **Grunnmennt** lýsir námi á fyrsta þrepi hæfniramma um íslenska menntun. Námið er alls 500 klukkustunda vinnuframlag nemenda og jafngildir 24 framhaldsskólaeiningum. Mögulegt er að skipta námskránni í Grunnmennt I og Grunnmennt II, eins og lýst er í námskránni og gert var hjá Farskólanum.

Pétur Erlingsson lauk námi í Grunnmennt vorið 2022

„Námið hentaði mér vel, þar sem það eru engin formleg próf heldur verkefni. Ég fæ miklu meira út úr verkefnavinnu en að taka próf í lok áfanga Mér gekk vel í öllum verkefnum og fékk hrós og góðar umsagnir þar, enda kennararnir allir geggjafir og svo mætti ég í nánast alla tímana ... þá hefur mér alltaf gengið vel í stærðfræðinni. Það er skondið að stundum eru auðveldu dæmin að þvælast fyrir mér en þau erfiðari eru aftur á móti létt fyrir mér“.



Námið er fyrir fólk með stutta formlega skólagöngu að baki. Markmið námsins er einkum að stuðla að jákvæðu viðhorfi til náms, byggja upp undirstöðu í námstækni, færniefningu, sjálfstyrkingu og samskiptum. Um leið og námið byggir upp haldgóða undirstöðu í kjarnagreinum (íslensku, stærðfræði og erlendum tungumálum) auk mikilvægra þátta fyrir daglegt líf og störf, svo sem samskipti og tölvu- og upplýsingatækni.

Haustið 2021 hófst námskeiðið Grunnmennt 1 með samþykki Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins og námsmenn útskrifuðust í sumarbyrjun 2022. Þær námsgreinar sem kenndar voru á vorönn voru: danska, enska 1 og 2, íslenska 2 og stærðfræði 2. Áfangaheitin samsvöruðu áfangaheitum hjá Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra enda var námið skipulagt í góðu samstarfi við FNV.

Fjórtán námsmenn hófu námið á haustönn 2021. Einungis átta luku náminu vorið 2022 og fengu skírteini. Leiðbeinendur voru: Sandra Hilmarsdóttir, ráðgjafi, sem kenndi meðal annars námstækni. Eva Óskarsdóttir, sem kenndi ensku, Gísli Árnason, sem kenndi stærðfræði, Ágúst Ingi Ágústsson, sem kenndi dönsku og Hafdís Einarsdóttir sem kenndi íslensku. Leiðbeinendur voru allir með kennsluréttindi fyrir utan Söndru Hilmarsdóttur, ráðgjafa.

Verkefnastjóri var Jóhann Ingólfsson.

Eva Óskarsdóttir, framhaldsskólakennari, kenndi ensku í Grunnmennt

„Í nokkur ár hefur það verið hluti af minni kennslu að kenna ensku í Farskólanum meðfram kennslu í FNV. Það eru sönn forréttindi að fá að eiga smá þátt í þessu mikla átaki. Að vera fullorðinn nemandi sem fer aftur í nám er langt frá því að vera auðvelt hlutskipti. Ég verð vitni að því hversu hart þau leggja að sér við að ná markmiðum sínum, ásamt því að dást að þrautseigju þeirra og seiglu. Það þarf kjark til að byrja aftur. Með góðum hópi sammemenda og þeim góða vinnuanda, sem skapast í þessum hópum í Farskólanum, reynist námið auðveldara. Ég sé nemendurna, sem ætla sér að ná árangri og vinna að þeim árangri, blómstra og stór hluti þeirra heldur áfram í frekarar nám að námskeiðum loknum. Þau fá í Grunnmennt 1 stuðninginn og sjálfstraustið sem þau þarfnast. Það er heiður að fá að vera með þeim á þeirri ferð“.



Skref til sjálfshjálpar – vottuð námsleið FA

Á haustönn 2022 hófst námsleiðin **Skref til sjálfshjálpar**. Að þessu sinni var námsleiðin fyrir Pólverja sem búa og starfa í Skagafirði.

Námsleiðin er 40 klukkustunda nám á 1. þrepi hæfniramma um íslenska menntun, sem mögulegt er að meta til tveggja framhaldsskólalæininga. Námið er ætlað einstaklingum með lestrar- og skriftarörðugleika með það að markmiði að auka færni þeirra í lestri og ritun. Sjö nemendur hófu námið en sex luku því, fjórar konur og tveir karlar. Nemendur voru á aldrinum 23 til 52 ára og meðalaldur var 31 ár.

Leiðbeinandi var Anna Katarzyna Szafraniec, samfélagstúlkur og verkefnastjóri var Bryndís Kristín Williams Práinsdóttir.

Grunnámsskeið fyrir fiskvinnslufólk – tveir hópar

FISK seafood ehf óskaði eftir **Grunnámsskeiði fyrir fiskvinnslufólk** fyrir allt að 16 starfsmenn og þar af voru um 12 af erlendu bergi brotnir. Ljóst var að túlka þyrfti fyrir Búlgara og Pólverja á námskeiðinu. Vegna þess hvernig hópurinn var samsettur var haft samband við FISK um að FISK myndi greiða kennslukostnað vegna annars hópsins og var það samþykkt. Með því urðu hóparnir tveir þótt fámennir væru.

Námskeiðin hófust 3. janúar 2022. Á þriðja degi eða á hádegi miðvikudaginn 5. janúar var námskeiðum frestað þar sem kalla þyrfti námskeiðhópin inn í vinnsluna vegna Covid veikinda starfsmanna þar. Síðar var ákveðið að ljúka námskeiðunum síðustu daga júnímánaðar og gekk það eftir.

Túlkar voru tveir: Anna Katarzyna Szafraniec, samfélagstúlkur, sem túlkaði fyrir Pólverja og Kristín Bj. Baldys, samfélagstúlkur, sem túlkaði fyrir Búlgara. Kristín túlkaði í gegnum fjarfundabúnað frá

Búlgaríu. Anna sagði sig frá verkefninu þegar því var frestað og þegar verkefnið hófst í lok júní var annar kennarinn pólskur.

Leiðbeinendur voru Ásdís Pálsdóttir, Klemenz Sæmundsson og Monika Figlarska frá Fisktækniskóla Íslands. Einnig kenndu þau Sveinn Sverrisson, Karl Lúðvíksson og Þórarinn Sverrisson á námskeiðinu.

Mikla útsjónarsemi þurfti við framkvæmd námskeiðsins, sérstaklega þegar seinni hlutinn var kenndur (í júní). Notaðar voru þrjár kennslustofur. Í stofu 1 kenndi íslenskur kennari, sem kenndi bæði á ensku og íslensku. Í stofu 1 voru Íslendingar ásamt þátttakanda frá Filippseyjum. Í stofu 2 sátu Pólverjar með sínum kennara sem kenndi á pólsku. Í stofu 3 sátu Búlgarar með túlkinn sinn á línunni frá Búlgaríu. Í Tékklandi sátu tveir nemendur og þeir meðtóku boðskapinn á ensku frá kennara í stofu 1.

Samtals luku þrettán (14) þátttakendur allri námsleiðinni og stóðust þeir kröfur um lengd vinnutíma. Búlgarar voru samtals fjórir. Pólverjar voru þrír. Tveir komu frá Tékklandi og einn frá Filippseyjum auk þriggja Íslendinga. Námsmenn voru á aldrinum 20 ára til 64 ára. Meðalaldur var 36,6 ár. Konur voru 6 og karlar voru 7 allt starfsfólk FISK seafood á Sauðárkróki. Í lokin var lagt fyrir rafrænt námskeiðsmat og skrifuð formleg skýrsla um verkefnið.

Verkefnastjóri var Bryndís Kristín Williams Þráinsdóttir.

Færni í ferðaþjónustu 1 – tveir hópar

Við lok árs 2021 óskaði VMST eftir því að Farskólinn myndi skipuleggja og halda utan um námskeið fyrir atvinnuleitendur sem tengdust störfum inn ferðageirans. Fyrir valinu varð námsleiðin **Færni í ferðaþjónustu 1** sem er samtals 40 klst. að lengd.

Fljótlega eftir áramótin kom í ljós að um yrði að ræða tvö námskeið; annað ætlað Íslendingum og kennt á íslensku og hitt ætlað fólki af erlendum uppruna og yrði það kennt á ensku.

Farskólinn sótti um fjármagn í átaksverkefnið „Nám er tækifæri“ og fékk úthlutað **2.250.000 kr.** Framlag Fræðslusjóðs til verkefna er tengjast VMST er lægra en samkvæmt gildandi gjaldskrá Fræðslusjóðs eða 997.500 kr á hvort námskeið auk nemendagjalda sem eru 14.250 kr á hvern námsmann. Farskólinn endurgreiddi Fræðslusjóði því 255.000 kr að loknu verkefninu.

Fyrri námskeiðið hófst 14. febrúar. Kennt var á morgnana í þrjár vikur frá kl. 09:00 – 12:00. Það seinna hófst 7. mars. Leiðbeinendur voru: Evelyn Ýr Kuhne, Pétur R. Pétursson og Kristín Einarsdóttir.



Mynd af forsíðu heimasíðu sem Pétur kennari setti upp með íslenska hópnum.


Þátttakendur á námskeiðinu fyrir Íslendingana voru 11; 5 konur og 6 karlar. Þeir voru á aldrinum 26 ára til 65 ára. Meðalaldur þátttakenda var tæp 49 ár. Samtals luku 8 þátttakendur allri námsleiðinni og 3 luku hluta hennar. Þátttakendur komu víða að af Norðurlandi vestra og Vesturlandi; fimm komu af Vesturlandi og 6 af Norðurlandi vestra.

Þátttakendur á námskeiðinu fyrir þá sem voru af erlendu bergi brotnir voru 15 talsins; 9 konur og 6 karlar. Samtals luku 13 þátttakendur allri námsleiðinni og 2 hluta hennar. Þátttakendur voru á aldrinum 23 ára til 44 ára. Meðalaldur þátttakenda var 33 ár. Þátttakendur komu víða að. Frá Norðurlandi vestra komu 2, frá Suðurlandi komu 2, frá Reykjanesbæ komu 5 og af Vesturlandi komu 6 þátttakendur.

Verkefnastjórar voru Bryndís Kristín Williams Þráinsdóttir og Kristín Sigurrós Einarsdóttir kom einnig að skipulagningu. Aðrir starfsmenn Farskólans komu einnig að framkvæmd. Formleg skýrsla var skrifuð um verkefnið ásamt niðurstöðum úr námskeiðsmati.


ÍSLENSKA FYRIR ÚTLENDINGA

Samkvæmt vef Byggingðastofnunar (<https://www.byggingdastofnun.is/is/utgefing-efni/maelaborð/rikisfang>) búa 699 erlendir ríkisborgarar á Norðurlandi vestra eða 9,4% íbúa. Karlar eru 331 og konur eru 368. Langflestir búa í Skagafirði eða 329. Þessar tölur skipta máli þegar kemur að skipulagningu íslenskunámskeiða fyrir nýbúa á Norðurlandi vestra. Sjá mynd 11.



Mynd 11. Myndin er tekin af vef Byggingðastofnunar og sýnir tölu og samsetningu þeirra sem eru með erlent ríkisfang á Norðurlandi vestra.

Árið 2022 voru haldin átta íslenskunámskeið (styrkir frá Rannís) fyrir útlendinga á Norðurlandi vestra. Við upphaf ársins voru haldin tvö námskeið fyrir aukastyrk sem fékkst haustið á undan. Tvö önnur námskeið voru haldin á vorönn og fimm á haustönn. Samtals níu námskeið. Síðan var litlum hópi Pólverja boið upp á námsleiðina *Skref til sjálfshjálpar* og ef það námskeið er talið með þá urðu íslenskunámskeiðin samtals tíu árið 2022. Sjá mynd 12.



Mynd 12. Myndin sýnir fjölda íslenskunámskeiða og fjölda þátttakenda frá árinu 2018. Rannís.

Styrkur Rannís (Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið) vegna námskeiðanna sex nam 2.100.000 kr eða sem nam 350.000 kr á hvert námskeið, samkvæmt samningi. Við *uppgjör* kom í ljós að styrkur fyrir sex námskeið átti í raun að vera 1.800.000 kr eða 300 þúsud krónur á hvert námskeið þótt annað hafi komið fram í samningi eða í tölvupóstum frá Rannís. Aukaúthlutun upp á 700.000 kr var vegna haustannar árið á undan. Framlag Rannís vegna íslenskunámskeiða árið 2022 nam því samtals **1.890.000 kr.**



Frá útskrift íslensku 1 á haustönn 2022. Leiðbeinandi, Kristín Einarsdóttir, grunnskólakennari, bauð hópnum heim.
Ljósmynd: Farskólinn.

Í íslenskunáminu var stuðst við námsefnið: *Íslenska fyrir alla*, eftir Sólborgu Jónsdóttur og Þorbjörgu Halldórsdóttur. Auk þess studdust leiðbeinendur við eigið efni og efni af netinu. Farskólinn á gott safn af *ítarefni* fyrir íslenskukennsluna í formi spila og leikja auk þess sem Farskólinn kaupir léttlestrarbækur ætlaðar námsmönnum. Sæmi dæmi um þær eru: *Árstíðir* eftir Karítas Hrundar Pálsdóttur.

Leiðbeinendur íslenskunámskeiðanna voru: Sara Níelsdóttir, Anja Szafraniec, Davíð Jóhannesson og Kristín Sigurrós Einarsóttir á Sauðárkróki, Lee Ann Maginnis og Jóhanna Guðrún Jónasdóttir á Blönduósi og Sigrún Þórisdóttir á Hvammstanga. Nær allir leiðbeinendur eru með kennsluréttindi og áralanga reynslu af kennslu.

Ítarleg skýrsla var send til Rannís og félags- og vinnumarkaðsráðuneytisins um íslenskukennsluna árið 2022, ásamt niðurstöðum úr námskeiðsmati. Í námskeiðsmati kom meðal annars fram að 94% þeirra sem tóku þátt eru mjög ánægðir eða ánægðir með kennarana. Allir töldu sig hafa lært mikið eða nokkuð í íslensku og 89% voru ánægðir með þjónustu Farskólans.

Kristín Sigurrós Einarsdóttir kenndi útlendingum íslensku 1

„Ég hef kennt íslensku fyrir útlendinga af og til síðustu 15 - 20 árin, bæði fyrir Farskólann og Fræðslumiðstöð Vestfjarða. Hver hópur er einstakur og það sem stendur alltaf upp úr er hvað fólk leggur mikið á sig til að læra þetta flókna tungumál sem íslenskan er. Nú síðast kenndi ég blönduðum hóp hjá Farskólanum, sjö nemendum af sex þjóðernum. Það myndaðist mikil samstaða í hópnum og allir vildu leggja mikið á sig til að læra og gefa af sér til samnemandanna. Þau voru afar þakklát.

Ég hef alltaf lagt áhersla á að nokkurs konar lífsleikni sé hluti af mínum námskeiðum því ég tel mikilvægt að aðstoða nemendur við að kynnast nærsamfélaginu og íslenskum hefðum og venjum. Í lok síðasta námskeiðs bauð ég nemendahópnum heim til mín þar sem við elduðum saman íslenska kjötsúpu og rússnesk kona úr hópnum bauð upp á köku. Einnig fengu þau fræðslu um ýmislegt sem tengist heimilishaldi og ég sýndi þeim íslenska þjóðbúninginn minn. Ógleymanleg kvöldstund sem verður vonandi endurtekin.“



Verkefnastjóri var Jóhann Ingólfsson og á haustönn Bryndís Kristín Williams Þráinsdóttir.



Frá slitum á íslenskunámskeiði á Blönduósi. Ljósmynd: Lee Ann Maginnis.

STARFSTENGD NÁMSKEIÐ – PERSÓNULEG FÆRNI

Matarhandverk - námskeiðsröð fyrir bændur

Árið 2022 hélt Farskólinn áfram að skipuleggja og bjóða upp á námskeið tengd matarhandverki fyrir bændur og aðra áhugasama á Norðurlandi vestra. Námskeiðin voru öllum opin. Nokkur dæmi um námskeið sem voru í boði má sjá á mynd hér fyrir neðan.

SÁMÞÓK SVÍÐARFÉLAGA NORÐURLANDI VESTRA		Farskólinn		VÖRUSMIÐJA	
NÁMSKEIÐ Í VINNSLU MATVÆLA					
Við höldum áfram með okkar afar vinsælu og skemmtilegu námskeið í matvælevinnslu og hefur fjölbreytnin aldrei verið meiri.					
Ostagerð 3. - 4. sept. kl. 9:00-17:00		Að þurrka og grafa kjöt 23. okt. kl. 13:00-16:00		Pylsur, pólur og pólur 12. feb. kl. 9:00-17:00	
Súrsun á grænmeti 25. sept. kl. 13:00-17:00		Súrmatagerð 20. nóv. kl. 9:00-17:00		Úrbeining á nauti 18. - 19. feb. kl. 9:00-17:00	
Heiðarþjóningar 1. okt. kl. 9:00-12:00		Áleggagerð 26. nóv. kl. 9:00-17:00		Hrossakjöt - Matur fyrir konunga 11. mars kl. 9:00-17:00	
Sigun og hlátun á lambakrokk 1. okt. kl. 13:00-17:00		Úrbeining á fóladi 27. nóv. kl. 9:00-17:00		Hríppyltugerð 12. mars kl. 9:00-17:00	
Úrbeining á kind		Pate og Karfagerð		Grill og reykur	

Sýnishorn auglýsingar haustanna í matarhandverki hjá Farskólanum. Skjáskot af heimasíðu Farskólans.

Þegar upp var staðið voru einungis haldin tvö námskeið í þessum flokki árið 2022; námskeið í *ostagerð* og *úrbeiningu á kind*. Bæði námskeiðin voru haldin í vottaðri vörusmiðju BioPol á Skagaströnd þar sem öll aðstaða er til fyrirmyndar fyrir námskeið af þessu tagi.



Frá námskeiði í ostagerð. Ljósmynd Guðni Hannes Guðmundsson, mjólkurfræðingur.

Námskeið Farskólans í matarhandverki eru öll verkleg og þar af leiðandi eru fáir á hverju námskeiði. Allir taka til hendinni og í lok námskeiðs taka þátttakendur afrakstur námskeiðsins með sér heim. Námskeið í matarhandverki voru styrkt af SSNV – samtökum sveitarfélaga á Norðurlandi vestra. Leiðbeinendur voru: Guðni Hannes Guðmundsson, mjólkurfræðingur og Páll Friðriksson, kjötiðnaðarmeistari og kennari.

Verkefnastjóri námskeiða í matarhandverki var Halldór B. Gunnlaugsson.

Fræðsluáætlun – sveitarfélög

Farskólinn skipulagði og hélt utan um fræðslu fyrir starfsfólk sveitarfélagsins Skagafjarðar. Vegna Covid var nokkrum námskeiðum frestað eða þau felld niður. Mest áhersla var lögð á skyndihjálp og þá inni á vinnustöðum eins og leikskólum. Haldin voru nokkur *skyndihjálparnámskeið* ásamt námskeiðum í *Outlook* og *líkamsbeitingu*. Náíð samstarf var við mannauðsstjóra sveitarfélagsins Skagafjarðar, Hrefnu Gerði Björnsdóttur, um fræðsluáætlun sveitarfélagsins.

Verkefnastjóri var: Halldór B. Gunnlaugsson.

Fræðsluáætlun - HSN

Samstarfshópur þriggja fræðslu- og símenntunarmiðstöðva á Norðurlandi halda utan um skipulag og framkvæmd námskeiða fyrir starfsfólk HSN – heilbrigðisstofnunar Norðurlands. Hópin skipa: Halldór B. Gunnlaugsson, frá Farskólanum, Ingunn Helga Bjarnadóttir og Kristín Björk Gunnarsdóttir frá SÍMEY og Helena Eydís Ingólfssdóttir frá Þekkingarneti Þingeyinga. Sem dæmi um um námskeið sem haldin voru má nefna: *Að færa slæmar fréttir, Hvort viltu vera gleðigjafi eða fýlupúki?*, *Gæðahandbók, Næring og hreyfing, Timian innkaup, Sjálfstraust og samanburður* og *Skyndihjálp*.

Verkefnastjóri var Halldór B. Gunnlaugsson.

FJÖLMENNT – FULLORÐINSFRÆÐSLA FATLAÐRA

Árið 2022 fékk Farskólinn vilyrði fyrir styrk frá Fjölmennt – fullorðinsfræðslu fatlaðra upp á 2.000.000 kr. Það gekk ekki nógu vel að halda námskeið fyrir fólk með fötlum árið 2022 meðal annars vegna veikinda. Á vorönn var haldið sundnámskeið á Sauðárkóki og á haustönn voru haldin tvö matreiðslunámskeið; annað á Sauðárkróki og hitt á Blönduósi.

Leiðbeinendur voru: Karl Lúðvíksson, íþróttakennari og Ásta Aldís Búadóttir, matreiðslukennari.



Ásta Búadóttir ásamt fjórum nemendum í matreiðslu á Sauðárkróki. Ljósmynd Farskólinn.

Verkefnastjóri námskeiða fyrir fatlaða var Bryndís Kristín Williams Þráinsdóttir.

ÖNNUR NÁMSKEIÐ

Námskeið í samstarfi við stéttarfélagin

Árið 2022 voru haldin 19 (18 árið 2021) fyrirlestrar í samstarfi við stéttarfélagin Ölduna, Samstöðu, Kjöl, Sameyki og Verslunarmannafélag Skagafjarðar. Fyrirlestrarnir voru fjölbreyttir að efni og áhersla var á að efni þeirra teldist uppbyggilegt fyrir þátttakendur. Meðal fyrirlestra voru: *Fjármál við starfslok*, *Heilaheilsa og þjálfun hugans*, *Meðvirkni og uppvöxtur*, *Persónuleg fjármál*, *Súrdeigsbakstur*, *Skýjalausnir* og *Ræktað undir ljósi*. Námskeiðin voru vel auglýst um allt Norðurland vestra.

Fyrirlestrarnir voru allir haldnir á netinu í rauntíma fyrir utan baksturnámskeiðin. Farskólinn lagði áherslu á að gæði væru sem best og kom sú áhersla fram í því að það var alltaf tækniáður til staðar á meðan á fyrirlestrunum stóð. Í upphafi allra fyrirlestra fengu þátttakendur nokkur heilræði varðandi notkun á Zoom og Teams, eins og að athuga með hljóð og myndavél. Lögð var áhersla á að skipulag væri á þann veg að þátttakendur gætu komið með fyrirspurnir til leiðbeinenda. Fyrirlesarar komu víða að.

Verkefnastjóri var Halldór B. Gunnlaugsson.

Tölvulæsi á snjalltæki fyrir 60 + - námskeið um allt Norðurland vestra

Við lok árs 2021 tók Farskólinn þátt í útboði sem auglýst var af Ríkiskaupum fyrir hönd Félagsmálaráðuneytisins. Samkvæmt útboðsskjali var um að ræða „sérniðna kennslu sem átti að hjálpa eldra fólki um allt land að nýta sér þjónustu og rafræn samskipti á netinu með það að markmiði að draga úr félagslegri einangrun, njóta afþreyingar á netinu og auka notkun á þjónustusíðum“. Gert var ráð fyrir sjö námskeiðum á starfssvæði Farskólans eða Norðurlandi vestra. Gengið var að tilboði Farskólans.

Ákveðið var að námskeiðin skildu haldin á Hvammstanga, Blönduósi, Skagaströnd, Sauðárkróki (2), Varmahlíð og Hofsósi. Í samráði við fulltrúa í stjórn tveggja félaga eldri borgara var ákveðið að halda námskeiðin eftir sumarfrí 2022. Kom þar marget til; meðal annars sauðburður hjá bændum. Námskeiðin voru tímasett og auglýst í svokölluðum sjónvarpsvísium; „Sjónaukanum“ sem borinn er í öll hús í Húnaþingi vestra og í „Sjónhorninu“ sem borið er í öll hús í A – Húnavatnssýslu og í Skagafirði. Auglýsingar birtust einnig á samfélagsmiðlum og á heimasíðu Farskólans. Eins var verkefnastjóri Farskólans, Halldór B. Gunnlaugsson, í sambandi við tengiliði félaga eldri borgara á svæðinu.

Hjá Farskólanum hófust námskeiðin fyrri hluta september og þeim lauk á Skagaströnd um miðjan nóvember. Kennnt var í fjóra daga í röð, tvo tíma í senn, á hverjum stað. Það sjónarmið var uppi að það væri vænlegra til árangurs að taka hvert námskeið á sem stystum tíma til að halda þátttakendum „heitum“ gagnvart viðfangsefninu. Á Hofsósi skráðu sig einungis tveir til leiks þrátt fyrir að reynt væri að ná í fleiri til að taka þátt. Á Skagaströnd var áhugi hins vegar það mikill að ákveðið var að hafa tvö námskeið þar, þannig að í stað *sjö námskeiða þá urðu þau átta.*



Frá námskeiði á Skagaströnd en þar var þátttaka sérstaklega góð. Ljósmynd: Farskólinn.

Leiðbeinandi, Halldór B. Gunnlaugsson, undirbjó fyrirfram ákveðna dagskrá eins og kom fram í útboði og í auglýsingum. Það kom í ljós að ekki var alltaf hægt að fylgja dagskránni út í ystu æsar. Tölvuþekking innan námshópanna var mjög mismunandi eða allt frá því að vera nánast engin til þess að vera nokkuð góð og réð hún nokkuð hraða og yfirferð hverju sinni. Leiðbeinandi lagði inn efnið og aðstoðaði síðan þátttakendur við úrlausn verkefna. Í einu tilfelli fór leiðbeinandi með einum þátttakanda í bankann til að aðstoða hann við að fá rafræn skilríki.

Allir þátttakendur fengu boð um að koma í námsverin á sínu heimasvæði síðar, ef þeir þyrftu meiri aðstoð varðandi tölvulæsi.

Þátttakendur voru samtals 46; 16 karlar og 30 konur. Meðalaldur námsmanna var nokkuð hár eða yfir 70 ár og var meðalaldur hæstur á Skagaströnd eða 77,6 ár. Allir þátttakendur fengu skírteini að lokinni útskrift.



Frá námskeiði í úrbeiningu. Ljósmynd: Páll Friðriksson.

Náms- og starfsráðgjöf

Þau markmið sem sett voru við upphaf ársins 2022 í náms- og starfsráðgjöf náðust ekki. Þrátt fyrir ítarlegar auglýsingar eftir náms- og starfsráðgjafa, þar sem auglýst var á landsvísu, þá fékkst enginn ráðgjafi til starfa. Farskólinn gerði samning við SÍMEY símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar um þjónustu ráðgjafa á seinnihluta ársins.

Farskólinn fékk úthlutað **3.690.000 kr** (3.801.000 kr. árið 2021) frá Fræðslusjóði til ráðgjafarinnar. Framkvæmt var fyrir **1.388.400 kr** eða 37,6% af lofuðu framlagi. Farskólinn endurgreiddi Fræðslusjóði því 2.301.600 kr.

Árið 2022 voru tekin samtals **118** viðtöl (317 árið 2021). Þar af greiddi Fræðslusjóður fyrir 109 viðtöl. Níu viðtöl voru greidd af öðrum. Af þessum 109 komu einstaklingar **innan markhópsins** í 87 viðtöl. Viðtölin skiptust í nokkra flokka: Sjá töflu 4:


Tafla 4. Taflan sýnir tegundir viðtala árið 2022 hjá Farskólanum. Upplýsingar frá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins.

Tegundir viðtala	Fjöldi viðtala	Fjöldi innan markh.	Fjöldi utan markh.
Ráðgjafaviðtal – fyrsta viðtal	16	14	2
Ráðgjafaviðtal – viðbótarviðtal	63	48	15
Hvatningarviðtal	8	5	3
Hópráðgjöf	22	20	2

Um einstaklingana - Tölfræði vegna 2022- tekin úr Innu

Þær upplýsingar sem á eftir koma eru teknar úr skráningarkerfinu Innu. Samtals komu **59 einstaklingar** (kennitölur) í ráðgjafaviðtal. Karlar sem komu í viðtal voru 26 eða 44% og konur voru 33 eða 56%. Meðalaldur þeirra sem komu í viðtöl var 42 ár. Sá elsti var 70 ára og sá yngsti var 20 ára. Flestir voru á aldrinum 29 ára þegar þeir komu í viðtal og miðgildi aldurs var 40 ár.


Í þau 118 ráðgjafaviðtöl sem skráð voru í Farskólanum komu **59** einstaklingar. Mynd 13 sýnir fjölda viðtala á hvern einstakling. Þeir sem fóru í raunfærnimat fóru í allt að sex ráðgjafaviðtöl. Sjá nánar á mynd 13.



Mynd 13. Myndin sýnir hversu margir einstaklingar fóru í eitt viðtal eða fleiri.


Um ráðgjafaviðtölin - Tölfræði vegna 2022- upplýsingar unnar úr Innu

Í hvert sinn þegar einstaklingar koma í ráðgjafaviðtal er staða þeirra skráð. Í starfi eru 34 eða 58%. Líklega eru þeir þó nærri 75% ef þeir sem falla undir „annað“ eru taldir með. Sjá nánar á mynd 14.




Mynd 14. Myndin sýnir stöðu ráðþega þegar þeir komu í viðtal til ráðgjafa árið 2022.

Ef skoðað er menntunarstig þeirra sem komu í 118 ráðgjafarviðtöl kemur í ljós að 27 hafi einungis lokið grunnskóla. Í 13 viðtölum er hakað við að viðkomandi hafi ekki lokið framhaldsskóla. Þetta eru 68%. Fræðslumiðstöð atvinnulífsins reiknar út að markhópurinn hafi verið 88% en þá eru útreikningar miðaðir við fjölda viðtala en ekki einstaklinga. Sjá mynd 15



Mynd 15. Myndin sýnir menntunarstöðu 59 einstaklinga sem komu í ráðgjafaviðtal árið 2022.

Hvers vegna kom fólk í ráðgjafaviðtal? Þegar ástæður fyrir komu í viðtöl árið 2022 er skoðaðar kemur í ljós að langflest viðtalanna eru í tengslum við raunfærnimat. Einungis 6 viðtöl voru tekin eftir kynningu í fyrirtæki eða stofnun. Sjá mynd 16.



Mynd 16. Myndin sýnir helstu ástæður fyrir komu í 118 viðtöl til ráðgjafa árið 2022.

Niðurstöður úr náms- og starfsráðgjafarviðtölum voru helstar: áhugasviðsgreining, ferilmöppugerð (CV), sjálfsstyrking, námstækni og upplýsingar um formlegt nám.



Frá grunnnámskeiði fyrir fiskvinnslustarfsfólk. Ljósmynd: Farskólinn.

Raunfærnimat

Farskólinn gerði samning við Fræðslumiðstöð atvinnulíffsins um nokkur verkefni í raunfærnimati árið 2022. Samningurinn hljóðaði upp á **3.854.000 kr.** (3.002.500 kr árið 2021). Við lok ársins var búið að vinna fyrir um það bil 870.000 kr og því á eftir að vinna fyrir 2.982.400 kr. Þessar tölur geta breyst. Í júnílok 2023 verður ljóst hvort markmið ársins 2022 náðust, þar sem Farskólinn hefur **18 mánuði** til að ljúka raunfærnimatsverkefnum hvers árs. Ef markmið nást ekki endurgreiðir Farskólinn mismuninn til Fræðslusjóðs. Sjá töflu 5 yfir fyrirhuguð verkefni ársins 2022 og framkvæmdina.

Tafla 5. Taflan sýnir verkefni í raunfærnimati árið 2022 samkv. umsókn.

Grein	Fjöldi 2022	Kyn	Einingar
Skipstjórn í samstarfi við Visku í Vestmannaeyjum			
Ýmsar iðngreinar í samstarfi við Iðuna			
Almenn starfshæfni			
Þjónustugreinar. Dæmi: Leik- og stuð.	Verkefnið fært yfir á vorönn 2023		
Sundlaugarvörður og starf í íþróttahúsi.	7	4 kvk og 3 kk	Samt 85 ein.



Frá útskrift úr raunfærnimati fyrir starfsfólk sundlauga og íþróttahúsa í desember 2022. Ljósmynd Farskólinn.

Í Skagafirði var starfsfólki íþróttahúsa og sundlauga boðið upp á raunfærnimat á móti námskránum: *Starfsmaður í íþróttahúsi* og *Sundlaugarvörður* en þessar námskrár eru hvor um sig 200 klukkustundir að lengd. Ferlið var þannig að stofnaður var stýrihópur sem í sátu: Þorvaldur Gröndal, yfirmaður íþróttamála og íþróttamannvirkja í Skagafirði, Halla Tómasdóttir, trúnaðarmaður og fulltrúi Kjalar, Guðmundur Finnbogason, formaður Samstöðu, Sigurður Ágústsson, yfirmaður félags- íþrótt- og fjölskyldusviðs Húnaþingi vestra ásamt Bryndís Williams Þráinsdóttur. Ákveðið var að fá Ingunni Bjarnadóttur, verkefnastjóra hjá SÍMEY til að leiða verkefnið með Bryndísi ásamt Söndru Sif Ragnarsdóttur, náms- og starfsráðgjafa.

Steinunn Valdís Jónsdóttir fór í raunfærnimat fyrir starfsfólk sundlauga í nóvember 2022

„Ég fór í raunfærnimat hjá Farskólanum, sem var boðið uppá fyrir starfsfólk íþróttamannvirkja, til að meta hæfni hvers og eins. Mér fannst fábærlega staðið að framkvæmd. Ég hitti Bryndísi fyrst og svaraði spurningalista og seinna komu matsaðilar úr Eyjafirði sem tóku okkur í viðtal. Raunfærnimatið styrkir okkur í starfi og fáum við það metið og getum sett inní ferilskrána okkar“.



Í upphafi var verkefnið kynnt ítarlega í tölvupósti. Síðan voru allir vinnustaðir heimsóttir og verkefnið kynnt starfsmönnum. Til að fá að taka þátt í verkefninu þurfti starfsfólk að hafa þriggja ára starfsreynslu og vera orðið 23 ára. Að kynningu lokinni fylltu þátttakendur út færnimöppu undir handleiðslu ráðgjafa og síðar gátlista. Matsaðilar í matsviðtölunum voru: Gísli Rúnar Gylfason frá Dalvíkurbyggð og Erna Lind Rögnvaldsdóttir úr Eyjafjarðarsveit.

Að loknum matsviðtölum fengu allir viðtal hjá Söndru, náms- og starfsráðgjafa. Þeir sjö starfsmenn sem að endingu tóku þátt stóðust matið með þryði og fengu viðurkenningarskjal upp á það.

Háskólanám

Frá árinu 2002 hefur Farskólinn ásamt sveitarfélögum á Norðurlandi vestra veitt háskólum á Íslandi þjónustu í formi aðstöðu fyrir fjarnemendur til náms og prófatöku. Frá þeim tíma hafa verið starfrækt námsver og námsstofur á fjórum stöðum á Norðurlandi vestra. Í námsverunum hafa háskólanemar ágætis aðstöðu til að stunda nám sitt, ef þeir kjósa svo og þar geta þeir tekið sín próf. Sjá nánar í töflu 6.

Tafla 6. Taflan sýnir staðsetningu námsvera og námsstofa á Norðurlandi vestra og nöfn tengiliða.

Námsver og námsstofur á Norðurlandi vestra		
Staðir	Umsjónarmenn	Staðsetning
Hvammstangi	Vigdís Lillý Sigurjónsdóttir	Höfðabraut 6
Blönduós	Þórhalla Þórhallsdóttir Katharina Schneider	Blönduskóli Kvennaskólinn
Skagaströnd	Ólafur Bernódusson	Einbúastígur 2
Sauðárkrókur	Jóhann Ingólfsson og fl.	Við Faxatorg


Sveitarfélögin taka þátt í samstarfi um að bjóða háskólanemum upp á þjónustu og sjá að mestu leyti um rekstur námsveranna en Farskólinn hefur séð um tækjakaup. Á Hvammstanga og Skagaströnd eru starfsmenn í hlutastarfi hjá sveitarfélaginu. Textílmíðstöð Íslands, Þekkingarsetur á Blönduósi hefur umsjón með námsverinu á Blönduósi en það er til húsa í Kvennaskólanum. Háskólanemar fá lykla að námsverunum og hafa að þeim aðgang allan ársins hring.

Flestir háskólanemar í fjarnámi búa í Skagafirði. Árið 2022 voru tekin samtals 404 háskólapróf (258 háskólapróf árið 2021) í námsverunum. Ekki var haldin skráning yfir allar prófatökur á árinu. Sem dæmi um próf sem ekki voru skráð voru svokölluð heimapróf háskólanema sem ekki krefjast yfirsetu. Háskólaprófum fjölgaði um 43% frá árinu á undan. Flest próf voru tekin í Skagafirði eða 248. Sjá nánar um háskólaprófin í töflu 7.

Tafla 7. Taflan sýnir fjölda skráðra háskólaprófa sem tekin voru í heimabyggð árið 2022 á Norðurlandi vestra.

Háskólapróf á Norðurlandi vestra árið 2022					
Skóli	Sauðárkrókur	Blönduós	Hvammstangi	Skagaströnd	Samtals
HA	160	27	44	17	248
HÍ	30	10	9	6	55
HR	15	1	1	0	17
Bifröst	4	0	1	1	6
LBHÍ	43	3	4	2	52
Keilir	5	0	0	0	5
Hólar	0	0	0	0	0
Endurm HÍ	21	0	0	0	21
Samtals	278	41	59	26	404

Frá miðjum apríl og fram til loka maí og frá miðjum nóvember til miðs desember ár hvert koma háskólanemar í námsverin og taka sín próf. Þeir sem ekki teljast fjarnemar þurfa samþykki frá sínum skóla til að taka prófin á heimaslóðum og greiða þeir ekkert gjald fyrir þá þjónustu. Gert er ráð fyrir að gjald verði tekið upp fyrir prófatökur frá og með 2023. Áhrifa Covid hefur gætt varðandi prófatökur eins og glögg má sjá á mynd 17.



Mynd 17. Myndin sýnir heildarfjölda skráðra prófa frá árinu 2018 á Norðurlandi vestra og áætlun 2023.

Miklar breytingar urðu á framkvæmd háskólaprófa árið 2020 í heimsfaraldi Covid og fjölgaði heimaprófum mjög. Rafrænum prófum í námsverum fjölgaði einnig mikið. Þrátt fyrir það þarf að skipuleggja yfirsetu. Ef próf eru tekin á gamla mótann; á pappír, þarf að sækja prófin inn á örugg rafræn svæði háskólanna, prenta þau út og leggja fyrir nemendur. Að loknum prófum eru úrlausnir skannaðar inn til tímabundinnar varðveislu og síðan eru þær sendar með landpósti til viðkomandi skóla. Ef háskólanemendur taka próf í tölvunni sinni, en í námsveri, er stuðst við forritið Inspira við prófatökuna. Nemendur sjá sjálfir um að koma forritinu fyrir í sínum tölvum. Yfirsetumaður tekur manntal og þarf síðan að fylgjast með þegar háskólanemi skráir sig úr prófinu og skanna nafna- og mætingalista til viðkomandi háskóla.

Farskólinn starfar eftir ákveðnum reglum og vinnulagi sem fræðslu- og símenntunarmiðstöðvarnar ásamt Háskólanum á Akureyri hafa komið sér saman um, til að tryggja að framkvæmd prófanna sé eins og best verður á kosið hverju sinni.

Verkefnastjóri með háskólanámi og prófatökum var Jóhann Ingólfsson.

Þróunarstyrkir 2022

Erasmus+

Farskólinn sótti um styrk til til Rannís í flokkinn Erasmus+; nám og þjálfun, í febrúar 2020. Verkefnið kallast „Sí- og endurmenntun bænda á Íslandi“ og fékk verkefnið styrk til að heimasækja skólann Eldrimner (<https://www.eldrimner.com/>) í Svíþjóð. Eldrimner er eins konar miðstöð matarhandverks í Svíþjóð. Skólinn miðlar þekkingu og veitir þeim sem vinna við matarhandverk stuðning, meðal annars í formi fræðslu.

Í mati dómnefndar um umsóknina segir meðal annars: „Góð umsókn sem fellur vel að markmiðum Erasmus+ áætlunarinnar og fullorðinsfræðsluhluta hennar ásamt því að falla vel að markmiðum og stefnu umsækjanda. Verkefnið er einfalt og þarfnast ekki mikils skipulags, en umsóknin hefði þó mátt gera ítarlegri grein fyrir öllum þáttum, undirbúningi, framkvæmd og eftirfylgni ... Áhrif verkefnisins er líkleg til að verða talsverð og jákvæð, bæði fyrir umsækjanda og þátttakendur, en einnig víðar í gegnum kennslu og yfirfærslu á þeirri þekkingu sem er sótt. Umsóknin bætir getu og hæfni þátttakenda og umsækjanda og eykur alþjóðasamstarf á vegum fullorðinsfræðslu“.

Styrkupp hæð nam 9.320 evrum og gert var ráð fyrir að fimm einstaklingar færu í heimsókn til Eldrimner; fulltrúar Farskólans og bænda. Það er skemmst frá því að segja að vegna heimsfaraldursins seinkaði ferðinni, sem verður farin í apríl 2023.

Verkefnastjóri var Halldór B. Gunnlaugsson.

Þróunarsjóður framhaldsfræðslunnar

Farskólinn sótti um styrk í Þróunarsjóð vegna verkefnis sem kallast „Fjölbreyttari landbúnaður“. Styrkur að upphæð 3.300.000 kr fékkst til verkefnisins. Markmið verkefnisins er, samkvæmt umsókn: „að styðja við bændur og smáframleiðendur sem hafa vilja og þor til þess að stíga út á ótroðnar slóðir og vilja skapa sér aukin tækifæri til þess að hafa lífsviðurværi sitt af búum sínum“. Hugmyndin kom í kjölfar Matarsmiðjunnar – Beint frá býli en bændur hafa síðan verið duglegir að setja fram hvaða fræðslu þeir þurfa á að halda til að geta haldið áfram að þróa sig sem smáframleiðendur á Norðurlandi vestra.

Vinna við verkefnið skiptist í sjö þrep, samkvæmt umsókn. Verkefnið felur í sér: námskrárskrif, kynningu á námskrá, auglýsingu, tilraunakennslu námskrárinnar, úrvinnslu verkefnis, skýrsluskrif og lokafrágang námskrár til útgáfu og vottunar.

Ekki tókst að ljúka þessu verkefni árið 2022 og verður það ekki framkvæmt að sinni.

Verkefnastjóri var Halldór B. Gunnlaugsson.

Gæðastarf og viðurkenning

EQM+

Farskólinn fékk fyrst formlega gæðavottun EQM (European Quality Mark) við lok ársins 2012 frá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins. Fræðslumiðstöð atvinnulífsins hefur sett fram viðbót við vottunarmerkið EQM og bætt við vottun á náms- og starfsráðgjöf og raunfærnimati. Gæðavottunin heitir nú EQM+. Árið 2022 var farið í gegnum alla gæðavísu EQM+. Vinna við að endurskoða gæðahandbók hófst einnig.

Í desember 2022 kom matsaðili, Gunnar Gíslason (Starfsgæði ehf), til Farskólans og tók út starfsemi skólans. Útektarskýrslu má finna á heimasíðu Farskólans eins og reglur segja til um. Í niðurlagi hennar segir:

Niðurstöður úttektar

Allir starfsmenn og stjórnendur sem tóku þátt í viðtalinu voru mjög vel að sér um starfsemina og í stakk búnir til að svara öllum spurningum sem upp komu. Starfsemi Farskólans er vel skipulögð, með skráningarsíðu og gagnabanka sem er til fyrirmyndar, mjög góða aðstöðu fyrir bæði námskeið og starfsfólk og sjálfsmat sem byggir á stöðlum EQM+. Þeirra eigin væntingar til starfseminnar og nýtingar á sjálfsmatsferli og gæðæftirliti sem uppfyllir öll skilyrði EQM og EQM+ eru miklar.



Í kjölfar gæðaúttektarinnar fékk Farskólinn nýja viðurkenningu frá FA til næstu þriggja ára eða til loka ársins 2025.



Myndin sýnir viðurkenningu EQM sem veitt var 2023. Ljósmynd Farskólinn..

Viðurkenning til að annast framhaldsfræðslu til þriggja ára

Haustið 2022 hófst vinna við að sækja um endurnýjun á viðurkenninga fræðsluaðla (Farskólinn) til Menntamálastofnunar. Núverandi viðurkenning gildir til maí 2023.

Gæðamál voru á hendi framkvæmdastjóra ásamt umsóknarvinnu vegna viðurkenningar.

Samstarf og önnur verkefni

Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið

Farskólinn var með þjónustusamning við Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið (áður Mennta- og menningarmálaráðuneytið) um ráðstöfun rekstraframlags á fjárlögum. Samningurinn gildir út árið 2023.

Frá stofnun fræðslu- og símenntunarmiðstöðvanna hafa þær heyrt undir mennta- og menningarmálaráðuneytið en árið 2021 voru gerðar stjórnarsýslubreytingar og þær fluttar til nýs ráðuneytis. Í sáttmála núverandi ríkisstjórnar er meðal annars talað um að efla sí- og endurmenntun og að endurskoða lögjöf um framhaldsfræðslu. Allt gert til að tryggja „að framhaldsfræðslukerfið sé í stakk búið til að takast á við samfélagsþróun, m.a. vegna loftslagsbreytinga og tæknivæðingar á vinnumarkaði“ (2021. Sáttmáli um ríkisstjórnarsamstarf Framsóknarflokks, Sjálfstæðisflokks og Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs).

Á hverju hausti undanfarin ár hefur framkvæmdastjóri Farskólans fundað með ráðuneytinu um ársreikning og ársskýrslu. Til slíkra funda hefur ekki verið boðað undanfarin þrjú ár.

Lög um framhaldsfræðslu og reglugerð eru í endurskoðun innan ráðuneytisins.

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins - Fræðslusjóður

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins er í eigu ASÍ, SA, BSRB, Sambands íslenskra sveitarfélaga og fjármálaráðuneytisins og er samstarfsvettvangur og verkfærasmíðja eigenda í fullorðins- og starfsmenntun á íslenskum vinnumarkaði. Helsta hlutverk FA er að veita fólki á vinnumarkaði, sem ekki hefur lokið prófi frá framhaldsskóla, tækifæri til að afla sér menntunar eða bæta stöðu sína. Sjá: <https://frae.is/um-fa/>.

Á hverju ári sækir Farskólinn um fjármagn til Fræðslusjóðs um kennslu vottaðra námsskráa, náms- og starfsráðgjöf og raunfærnimat og gerir FA, fyrir hönd Fræðslusjóðs, skriflegar samning við Farskólann. Frá þessum verkefnum hefur þegar verið greint. Auk þess fundar FA reglulega með fræðslu- og símenntunarmiðstöðvun innan Símenntar áður Kvasis.

Eins og komið hefur fram tókst ekki að uppfylla markmið sem sett voru árið 2022 varðandi kennslu námsskráa og náms- og starfsráðgjöf.

Ársskýrslu Fræðslusjóðs má skoða á: <https://frae.is/fraedslusjodur/gogn-um-starfsemi/>

SSNV – samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra

Starfssvæði SSNV afmarkast af sveitarfélagamörkum allra sveitarfélaga á Norðurlandi vestra, allt frá Almenningsnöf í austri að Stíkuhálsi milli Bitru og Hrutafjarðar í vestri og eru öll sveitarfélög á svæðinu aðilar að samtökunum. Þeir málaflokkar sem SSNV kemur að eru margir; meðal annars menntamál. Eitt af markmiðum SSNV er að stuðla að eflingu atvinnulífs á Norðurlandi vestra. Sjá nánar: <https://www.ssnv.is/is/um-ssnv>.

SSNV hefur stutt dyggilega við bakið á mörgum verkefnum Farskólans í gegnum tíðina bæði með fjárstyrkjum og eins með því að veita Farskólanum sérfræðiráðgjöf.

Árið 2022 styrkti SSNV svokölluð bændanámskeið hjá Farskólanum. Það er ljóst að erfitt hefði verið að halda námskeiðin ef ekki hefði komið til styrkur frá SSNV. Núverandi framkvæmdastjóri SSNV er Katrín M. Guðjónsdóttir og tók hún við af Unni Valborgu Hilmarsdóttur.

Vörusmiðja – Biopol

Vörusmiðja – Biopol á Skagaströnd var stofnuð í september 2017. Vörusmiðjan er með vinnsluleyfi frá Matvælastofnun og framleiðendur og frumkvöðlar eru velkomnir í smiðjuna til að þróa og framleiða sínar vörur. Verkleg námskeið sem Farskólinn skipuleggur fyrir bændur og aðra áhugasama um matarhandverk eru haldin í smiðjunni enda öll aðstaða eins og best verður á kosið. Árið 2022 voru haldin tvö námskeið í Vörusmiðjunni. Verkefnastjóri í Vörusmiðjunni er Þórhildur M. Jónsdóttir en framkvæmdastjóri Biopol er Halldór G. Ólafsson.

Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra

Farskólinn hefur verið í góðu samstarfi við FNV þegar kemur að vottuðum námsleiðum, eins og Grunnmennt. Í Grunnmennt er verið að kenna áfanga eins og ensku, dönsku, stærðfræði og íslensku. Frá upphafi hefur Farskólinn stuðst við áfangalýsingar hjá FNV enda hefur stærsti hluti nemenda þessara námsleiða hjá Farskólanum einnig stundað helgarnám, til dæmis í húsasmíði, við FNV. Skólameistari og áfangastjóri hafa verið boðnir og búnir að veita ráð og aðstoða og kennarar í FNV hafa kennt þessar námsgreinar sem hér um ræðir. Skólameistari FNV er Ingileif Oddsdóttir.

Stéttarfélög – Landsmennt

Farskólinn hefur verið í góðu samstarfi við stéttarfélögin Samstöðu, Ölduna, Verslunarmannafélag Skagafjarðar, Kjöl og Sameyki. Félagin hafa stutt vel við námskeiðahald fyrir sína félagsmenn. Það sama má segja um Landsmennt og Ríkismennt. Nánar er fjallað um samstarfsverkefnið í kaflanum um námið.

Símennt – áður Kvasir

Farskólinn er aðili að Símennt - samtökum fræðslu- og símenntunarmiðstöðva á Íslandi. Samtals eru stöðvarnar ellefu að tölu og mynda þær nokkuð þétt net hringinn í kringum landið. Rauðu deplarnir á kortinu sýna hvar höfuðstöðvar miðstöðvanna eru ásamt útstöðvum eða námsverum. Sjá kort.



Myndin sýnir staðsetningu fræðslu- og símenntunarmiðstöðva innan Símenntar áður Kvasis og útstöðvar þeirra.

Markmið Símenntar eru meðal annars að efla símenntun og framhaldsfræðslu á Íslandi, þar sem lögð er áhersla á að efla þekkingu og hæfni einstaklingsins og að auka vitund fyrirtækja og stofnana á mikilvægi símenntunar starfsfólks.



Á myndinni eru forstöðumenn og konur Símenntar sem hittust á haustfundi á Egilsstöðum 2022.

Við lok ársins 2022 sátu í stjórn Símenntar: Sólveig Hildur Björnsdóttir, formaður, Óli Halldórsson, ritari og Valgeir Magnússon, gjaldkeri. Forstöðumenn innan Kvasis funduðu reglulega á árinu og oftast með aðstoð tækninnar.

Ný heimasíða Símenntar er í smíðum.

Leikn

Farskólinn er aðili að Leikn. Leikn er sameiginlegur vettvangur aðila í fullorðinsfræðslu á Íslandi og málsvari þeirra gagnvart stjórnvöldum. Tilgangur samtakanna er að efla fræðslu fullorðinna á Íslandi.

Í stjórn Leiknar, starfsárið 2021 – 2022, sátu: Helgi Þorbjörn Svavarsson, formaður, frá SÍMEY, Eyrún Valsdóttir, ASÍ, Kjartan Jónsson frá Múltí kúltí, Vigdís Ásmundsdóttir frá Framvegis, gjaldkeri, Þór Pálsson frá Rafmennt og Fjóla María Lárusdóttir frá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, ritari. Heimasíða Leiknar er: www.leikn.is.

Vinumálastofnun

Farskólinn hefur verið í góðu samstarfi við Vinnumálastofnun. Árið 2022 komu skjólstæðingar VMST í Farskólann til að vinna ferilskrár.

Farskólinn skipulagði og hélt utan um námsleiðina **Færni í ferðaþjónustu 1** fyrir Vinnumálastofnun. Tveir hópar sóttu námsleiðia: Íslendingar og fólk af erlendu bergi brotið. Nemendur voru samtals 26; Fjórtán konur og tólf karlar. Ítarleg skýrsla var skrifuð um verkefnið þar sem niðurstöður úr námskeiðsmati komu meðal annars fram. Sjá nánar í kaflanum um námsleiðir.

Persónuverndarstefna

Árið 2018 hófst vinna við að móta nýja persónuverndarstefnu fyrir Farskólann. Í lok árs 2019 var ákveðið að fara í samstarf við Símenntunarmiðstöðina á Vesturlandi og Fræðslumiðstöð Vestfjarða um verkefnið. Ný persónuverndarstefna var tekin í notkun í lok ársins 2019 og birt sem frétt á heimasíðu Farskólans í janúar 2020. Á fyrsta stjórnarfundum ársins 2021 var stefnan tekin til umfjöllunar og samþykkt. Endurskoðun á persónuverndarstefnu Farskólans stendur yfir.

Bryndís Kristín Williams Þráinsdóttir og Jóhann Ingólfsson halda utan um verkefnið fyrir hönd Farskólans.



Myndin er tekin í molakaffi. Útlendingum var boðið að koma í molakaffi og ræða mál sem voru þeim ofarlega í huga. Hér er verið að ræða skattamál. Ljósmynd: Farskólinn.

Húsnæði og búnaður

Farskólinn leigir þrjár skrifstofur undir starfsemi sína við Faxatorg á Sauðárkróki. Þar er námsver háskólanema í Skagafirði einnig til húsa.

Námsverin á Norðurlandi vestra eru ágætlega búin tækjum og húsgögnum. Á Faxatorgi eru tveir stórir kennsluskjáiir ásamt fartölvum sem notaðar eru sem kennslubúnaður. Fartölvur eru einnig í öðrum námsverum til að styðja við kennslu og fundi ásamt skjáum. Þar geta fjarnemendur á háskólastigi og aðrir námsmenn fundið sér næði til að sækja kennslustundir, hlusta á fyrirlestra og taka próf. Ljósmyndir úr námsverunum má sjá á heimasíðu Farskólans.

FS net og kerfisleiga

FS netið er háhraðanet sem tengir saman alla framhaldsskóla á Íslandi og fræðslu- og símenntunarmiðstöðvar á landsbyggðinni. FS netið er í öllum námsverum og námsstofum á Norðurlandi vestra og greiða sveitarfélögin hluta kostnaðar við það samkvæmt samningi. Umsýsla í kringum FS netið er komin yfir til Menntamálastofnunar. Jóhann Ingólfsson, verkefnastjóri í Farskólanum, sinnir ákveðnum verkefnum fyrir Menntamálastofnun í tengslum við FS netið.

Farskólinn er með samning við Opin kerfi um Microsoft Office 365 skýjalausnir. Heimasíða Farskólans, www.farskolinn.is, er vistuð hjá Sensa ehf.

Inna - skráningar

Haustið 2017 tók Farskólinn skráningar- og kennslukerfið Innu í notkun. Innleiðingin gekk hægt en örugglega og það fylgdi henni mikil vinna næstu misserin. Inna var tekin í notkun að frumkvæði Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins. Eftir að Þjónustustjóri hætti störfum vorið 2022 tóku aðrir starfsmenn að sér að vinna í Innu.

Farskólinn skráir nú öll stærri námskeið inn í Innuna. Einnig eru framhaldsskólaeiningar skráðar þangað inn. Það á við um einingar vegna „Grunnmenntar“ og brúarnámið svo dæmi séu tekin.

Ljóst er að það þarf að leggja áframhaldandi vinnu í að fara yfir skráningar í Innu til að tryggja að þær séu réttar og birtist réttar á island.is. Þeirri vinnu er ekki lokið.

Starfsáætlun 2023


Framhaldsfræðsla – Fræðslusjóður - markmið 2022

Haustið 2022 sótti Farskólinn um fjármagn til Fræðslusjóðs, til að kenna vottaðar námsleiðir árið 2023. Stjórn Fræðslusjóðs samþykkti að veita 14.034.000 kr til kennslu námsleiðanna. Strax í janúar 2023 hófst brúarnám til leikskólaliða- og stuðningsfulltrúa. Stefnt er að því að Grunnmennt hefjist haustið 2023 ásamt smiðjum og einstaka áföngum úr námsleiðum. Sjá töflu 8.

Tafla 8. Námskrár sem áætlað er að kenna árið 2023 og tímarammi framkvæmdar.


Heiti námskrár	J	F	M	A	M	J	J	Á	S	O	N	D
Leikskólaliða- og stuðningsfulltrúabré (50%)												
Grunnmennt (ca. 50%)												
Kvikmyndasmiðja (50 – 100%)												
Listasmiðja – FabLab og fl. – (100%)												

Farskólinn fékk úthlutað 4.444.000 kr til náms- og starfsráðgjafar árið 2023. Enginn ráðgjafi starfar við skólann en verkefnastjórar hafa komið að ráðgjöfinni auk þess samningur var gerður við SÍMEY um ráðgjöf, eins og komið hefur fram. Framkvæmdastjóri hefur séð um allar skráningar í Innu vegna þessara verkefna. Sjá mynd 18.



Mynd 18. Myndin sýnir framlög og framkvæmd náms- og starfsráðgjafar í Farskólanum undanfarin 5 ár. Græna súlan er áætlun ársins 2023. Myndin er tekin úr Starfsáætlun vegna 2023.

Framlag til raunfærnimats árið 2023 er 2.360.000 kr. Framlag og framkvæmd hefur verið misjöfn á milli ára eins og sjá má á mynd 19.



Mynd 19. Myndin sýnir framlag og framkvæmd raunfærnimats frá árinu 2018 og áætlun 2023.

Þau raunfærnimatsverkefni sem stefnt er að árið 2023 eru raunfærnimat í iðngreinum í samstarfi við Iðuna, raunfærnimat á mótí námskrám fyrir starfsfólk íþróttahúsa og sundlauga ásamt raunfærnimati í matartækni og fisktækni í samstarfi við SÍMEY.

Framhald verður á þeim verkefnum sem þegar eru í gangi fyrir sveitarfélagið Skagafjörð og HSN, Fjölmennt og útlendinga sem vilja læra íslensku. Farskólinn heldur áfram að þjónstua sveitarfélögin varðandi starfsdaga starfsfólks skólanna á svæðinu.

Nýtt „Fræðslustjóri að láni“ verkefni er í pípunum. Sveitarfélögin í Húnavatnssýslum hafa sótt um það til Sveitamenntar og gert er ráð fyrir að verkefnastjórar Farskólans sjái um alla greiningarvinnu. Verkefnið hefst haustið 2023 og lýkur því með fræðsluáætlun sem lögð verður fram.

Farskólinn hefur áfram á sinni könnu þjónustu við háskólanemendur sem stunda fjarnám þrátt fyrir að það fjármagn sem fékkst í það verkefni á sínum tíma hafi að mestu verið látið niður falla af hinu opinbera. Þjónustan mun í náninni framtíð einskorðast við umsjón með prófatökum. Ákveðið var um áramótin að bjóða framhaldsskólanemendur, sem stunda fjarnám, einnig velkomna til að taka próf og er það ný stefna hjá Farskólanum.

Lokaorð



Við þurfum að tala um Farskólann. Skólann, sem stofnaður var í desember árið 1992. Stofnaðilar skólans á þeim tíma voru Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra, héraðsnefndirnar þrjár, Siglufjarðarkaupstaður, Menningar- og fræðslusamband alþýðu ásamt Iðnþróunarfélagi Norðurlands vestra.

Þann 1. júní 1993 var Ársæll Guðmundsson á Blönduósi ráðinn skipulagsstjóri við skólann og gert var ráð fyrir að Fjölbrautaskólinn legði Farskólanum til hálfst stöðugild. Fyrsta námskeið hins nýstofnaða skóla var námskeið fyrir starfsfólk skólamötuneyta, samkvæmt frétt í vikublaðinu Feyki frá miðju ári 1993. Anna Kristín Gunnarsdóttir tók síðan við af Ársæli og undirrituð tók við keflinu árið 2003.

Það væri áhugavert að taka saman helstu þætti starfseminnar þessi 30 ár sem skólinn hefur starfað. Breytingar hafa verið miklar frá stofnun hans. Í stað hálfst stöðugildis fóru stöðugildin í 4,5 þegar mest var en eru nú komin niður í þrjú. Verkefnastaða hvers tímabils ákveður það hversu margir starfa við skólann. Verktakar hafa verið margir og með margs konar menntun og sérfræðipækkingu og nemendur Farskólans skipta þúsundum.

Tölum einnig um markhópin okkar. Hver er hann? Í dag tilheyra markhópnum fullorðnir einstaklingar sem ekki hafa lokið framhaldsskóla. Nýlega birtust af því fréttir að á Íslandi væri hæsta brottfall úr skólum í Evrópu, í aldurshópnum 18 – 24 ára, eða 16.5%. Það teljast ekki góðar fréttir. Þessar tölur þarf að skoða nánar með tilliti til aðstæðna hér á landi. Til dæmis þá er hér nóga atvinnu að hafa og margir freista þess að fara út á vinnumarkaðinn snemma með það í huga að fara aftur í nám síðar. Annan hóp þarf að nefna og það eru þeir sem hætta í skóla vegna námsörðugleika, til dæmis lesblindu. Á fullorðinsárum langar marga úr þessum hópi að fara aftur í nám, til að ná sér í réttindi, en þeir eru hræddir við einstaka námsgreinar eins og dönskuna. Í ársskýrslunni er vitnað stuttlega í Pétur Erlingsson sem kom til okkar í Farskólann til að læra. Hann lét ekki staðar numið þar heldur hélt áfram námi í Tækniskólanum og er enn að læra vorið 2023. Við eigum sem betur fer margar sólskinssögur af þessu tagi. Ítarlegra viðtal mun birtast við Pétur í námsvísi haustannar.

Nú er verið að endurskoða lög um framhaldsfræðsluna. Það hefur komið fram í tengslum við þá vinnu að hugsanlega verði markhópur framhaldsfræðslunnar útvíkkaður. Það er að segja að nýbúar og fólk með fötlun muni teljast til þess hóps, sem Farskólinn muni sinna í framtíðinni. Samkvæmt mælaborði Byggingastofnunar sem áður hefur verið vitnað til bjuggu 7.405 á Norðurlandi vestra 1. janúar 2022 og þar af voru þeir sem voru með erlent ríkisfang 699 eða 9,4%. Þessum hópi fólks, sem hingað hefur flust til að taka þátt í atvinnulífi okkar landsmanna, verður að standa til boða íslenskukennsla og helst ókeypis. Við þurfum öll sem samfélag að vera dugleg að tala íslensku við þennan hóp svo þau samlagist samfélagi okkar á sem stystum tíma. Þannig að það verður áfram þörf fyrir fræðslu- og símenntunarmiðstöð eins og Farskólans á komandi árum.

Í Farskólanum er ekkert gefið, eins og sagt er. Verkefnin koma ekki til okkar. Verkefnastjórar þurfa að fara út af örkinni og boða fagnaðarerindið; kynna nám og bjóða fólk velkomid inn í fullorðins- og framhaldsfræðsluna. Það þarf að sækja fólkið. Árið 2022 var að mörgu leyti erfitt hvað þetta varðar en ég leyfi mér að horfa björtum augum til framtíðarinnar. Með öflugum stuðningi stjórnar Farskólans trú

ég því að árið 2023 verði árið sem okkur tókst að snúa við blaðinu og nú liggi leiðin upp á við aftur eftir afleiðingar heimsfaraldurs.

Stjórn Farskólans, starfsfólki, kennurum, samstarfsaðilum og síðast en ekki síst fólkinu, sem málin snúast um eða nemendum sjálfum, þakka ég gott samstarf árið 2022.

Fyrir hönd stjórnar Farskólans.

Bryndís Kristín Williams Þráinsdóttir, framkvæmdastjóri.

Fylgiskjöl

Yfirlit yfir námskeið Farskólans árið 2022

Farskólinn - námskeið vorið 2022							
	Heiti námskeiðs Vorönn 2022	Nem	Nem	Kest	Nemst	Kon	Karl
1	FA. Leikskólaliða- og stuðningsfulltrúabréf	9				9	0
	FA. Leik. Samskipti og samstarf F-SASK1A05		5	35	175		
	FA. Leik. Skapandi starf F-SPS1A05		4	35	140		
	FA. Leik. Þroski og hreyfing F-PRO2A05		5	35	175		
2	FA. Grunnnámskeið fyrir starfsfólk fiskvinnslu	8	8	72	576	4	4
3	FA. Grunnnámskeið fyrir starfsfólk fiskvinnslu -FISK greiðir	5	5	72	360	3	2
4	FA. Grunnmennt - seinni hluti	9				4	5
	FA. Grunn. Stæ 2 - seinnihluti.		5	30	150		
	FA.Grunn. Íslenska 1 - seinni hluti.		5	30	150		
	FA. Grunn. Danska		6	40	240		
	FA. Grunn. Íslenska 2		6	40	240		
	FA. Grunn.enska 2		7	40	280		
5	FA. Færni í ferðþjónustu - enska.	15	15	60	900	10	5
6	FA. Færni í ferðþjónustu - íslenska.	11	11	60	660	5	6
7	Fjölmennt - sund	4	4	32	128	3	1
8	HSN - Að færa slæmar fréttir	5	5	1,5	7,5	5	0
9	HSN - Gæðahandbók	3	3	3	9	3	0
10	HSN - Hvort viltu vera gleðigjafi eða fylupoki?	7	7	1,5	10,5	7	0
11	HSN - Næring og hreyfing	1	1	3	3	1	0
12	HSN - Ráðleggingar um mataræði	3	3	1,5	4,5	3	0
13	Íslenska - Íslenska 3. Sauðárkrókur.	7	7	60	420	5	2
14	Íslenska 3. Blönduós. Blandaður hópur.	6	6	60	360	4	2
15	Íslenska 2. Sauðárkrókur.	6	6	60	360	2	4
16	Íslenska 1. Sauðárkrókur.	7	7	30	210	2	5
17	Skagafj. - One note og Outlook	9	9	4,5	40,5	7	2
18	Skagafj. - Skyndihjálp	5	5	18	90	0	5
19	Skagafj. - Skyndihjálp	11	11	18	198	4	7
20	Skagafj. - Skyndihjálp. Glaumbær	12	12	6	72	7	5
21	Starfstengt - Húnaþing vestra - Office 365	15	15	4,5	67,5	11	4
22	Starfstengt. Skyndihjálp Leik og stuð og Skagafj 1	4	4	18	72	4	0
23	Stétt - Að varða veginn	7	7	6	42	6	1
24	Stétt - Fjármál við starfslok	25	25	3	75	22	3
25	Stétt - Heilaheilsa og þjálfun hugans	13	13	9	117	11	2
26	Stétt - Hvort viltu vera gleðigjafi eða fylupúki	12	12	1,5	18	12	0
27	Stétt - Meðvirkni og uppvöxtur	7	7	3	21	7	0
28	Stétt - Norðurljós tungl og stjörnur	12	12	3	36	8	4
29	Stétt - Persónuleg fjármál	11	11	3	33	10	1
30	Stétt - Ræktun matjurta	7	7	2	14	7	0
31	Stétt - Súrdeigisbakstur	8	8	5,25	42	8	0
32	Stétt - Útisvæði	8	8	3	24	8	0
33	Tómstundan. Spænska fyrir byrjendur	6	6	20	120	4	2

34	Tómstundan. Viskínámskeið	18	18	4,5	81	0	18
35	VMST - Gerð ferilskrár, 21. feb., 2022	7	7	2	14	2	5
		303		936	6736	208	95

Farskólinn - námskeið haust 2022							
	Heiti námskeiðs Haustönn 2022	Nem	Nem	Kest	Nemst	Kon	Karl
1	Bændanámskeið - Ostanámskeið 3. sept.	7	7	24	168	6	1
2	Bændanámskeið - Úrbeining á kind	6	6	12	72	2	4
3	FA. Skref til sjálfshjálpar - íslenska - fyrri hl	6	6	30	180	4	2
4	Fjölmennt - sund	7	7	27	189	5	2
5	Fjölmennt Matreiðsla Blönduós	3	3	18	54	0	3
6	Fjölmennt Matreiðsla Sauðárkrókur	5	5	18	90	0	5
7	HSN Timian Beiðnir	2	2	1,5	3	2	0
8	HSN Timian Innkaup	2	2	1,5	3	2	0
9	HSN Timian Reikningasambýktir	2	2	1,5	3	2	0
10	HSN Sjálfstraust og samanburður	8	8	1,5	12	8	0
11	HSN Skyndihjálp Blö	11	11	18	198	11	0
12	Íslenska 1 Hva	5	5	60	300	2	3
13	Íslenska Blá Blö	5	5	60	300	3	2
14	Íslenska 1 Blö	9	9	60	540	4	5
15	Íslenska 1 Sauð	7	7	60	420	5	2
16	Íslenska 1 Pólv Sauð	7	7	30	210	5	2
17	Skagafjörður - Tíu leiðarvísar að farsælu lífi	4	4	4,5	18	3	1
18	Hlutabréf fyrir byrjendur. Skagafj/stéttarfélag	17	17	1,5	25,5	13	4
19	Starfstengt - Fræðsludagur leiksk.	95	95	4	380	91	4
20	Starfstengt - Starfsdagur skólanna.	58	58	4	232	51	7
21	Starfstengt - Skyndihjálp. Barnaból. Skagaströnd	12	12	18	216	12	0
22	Starfstengt. Skyndihjálp. Sæborg. Skagaströnd.	6	6	18	108	5	1
23	Starfstengt SKYNDIHJÁLP 17.-19. okt .	12	12	18	216	10	2
24	Stéttarfélag - Tíu leiðarvísar að farsælu lífi	3	3	4,5	13,5	3	0
25	Stéttarfélag Súrdeigsbakstur Blönduós	7	7	5	35	6	1
26	Stéttarfélag Starfslok á ströndinni	4	4	3	12	4	0
27	Stéttarfélag Súrdeigsbakstur Sauð	8	8	5	40	7	1
28	Stéttarfélag Stjörnuhiminn yfir Íslandi	6	6	3,75	22,5	6	0
29	Stéttarfélag Ræktað undir ljósi	2	2	2,25	4,5	2	0
30	Stéttarfélag - Skýjalausnir	10	10	1,5	15	8	2
31	Stéttarfélag - Þín hleðsla	4	4	1,8	7,2	4	0
32	Stéttarfélag - Húsaskipti	6	6	3	18	6	0
33	Tómstundan. Viskínámskeið	12	12	4,5	54		12
34	Tölvulæsi 60+ Hvammstangi	5	5	12	60	4	1
35	Tölvulæsi 60+ Blönduós	7	7	12	84	3	4
36	Tölvulæsi 60+ Löngumýri (Varmahlíð)	6	6	12	72	5	1
37	Tölvulæsi 60+ Sauðárkróur hópur 1	6	6	12	72	4	2
38	Tölvulæsi 60+ Sauðárkróur hópur 2	8	8	12	96	4	4

39	Tölvulæsi 60+ Hofsós	2	2	12	24	2	0
40	Tölvulæsi 60+ Skagaströnd	8	8	12	96	6	2
41	Tölvulæsi 60+ Skagaströnd - í boði Farskólans	4	4	12	48	2	2
		404	404	621	4711	322	82

Upplýsingar um framhaldsfræðsluna sem gott er að vita

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins er leiðandi í að greina, meta og auka hæfni í atvinnulífinu. Sjá: www.frae.is

Gáttin

Gátt er ársrit um fræðslumál fullorðinna þar sem lögð er áhersla á menntun á vinnumarkaði. Í ritinu eru fræðilegar greinar, kynningar á rannsóknum og lausnum í fullorðinsfræðslu og símenntun ásamt viðtölum og frásögnum um það sem er efst á baugi hverju sinni. Gáttin hefur verið gefin út síðan 2004 og má nálgast rafrænar útgáfur hér: <http://frae.is/utgafa/gatt-arsrit/>

Næsta skref

Á vefnum Næsta skref var hægt að nálgast upplýsingar um nám, störf, raunfærnimat og ráðgjöf. Sjá vef: <https://naestaskref.is/>. Vefnum hefur verið lokað vegna fjárskorts.

Menntamálastofnun

Á vef Menntamálastofnunar má finna ýmsar upplýsingar um framhaldsfræðslu. Sjá: <https://mms.is/framhaldsfraedsla>

Stefnuyfirlýsing um nám fullorðinna á 21. öldinni

Leikn hefur látið þýða stefnuyfirlýsingu Evrópusamtaka um fullorðinsfræðslu, EAEA, yfir á íslensku. Í henni er meðal annars lagt til að farið verði í aðgerðir til að þróa evrópskt þekkingarsamfélag og efla fullorðinsfræðslu og símenntun til að Evrópa geti tekist á við áskoranir nútímans, m.a. um samkeppnishæfi, velferð, jafnrétti og sjálfbærni. Íslensku þýðinguna má finna hér: <http://leikn.is/frettir/stefnuyfirlysing-um-nam-fullordinna-a-21-oldinni/>

Nordic Netværk for Voksnes Læring

NVL er tengslanet um nám fullorðinna (www.nvl.org) og er norrænn vettvangur fullorðinsfræðslu þar sem athygli er beint að nýsköpun, miðlun og árangri. Fulltrúi Íslands er Hildur Hrönn Oddsdóttir, sérfræðingur hjá FA. Íslendingar taka þátt í fjölda undirnetum NVL.

European Association for the ducation of adults

Á þessum vef má finna upplýsingar um fullorðinsfræðslu í Evrópu. Sjá: eaea.org

EPALE – vefgátt fullorðinsfræðslu í Evrópu

Vefgáttin er fyrir fagaðila í fullorðinsfræðslu, hagsmunaaðila, símenntunarmiðstöðvar og stefnumótunaraðila. Sjá: <https://www.erasmusplus.is/studningur-og-gogn/stodverkefni/epale>

Nám fullorðinna.is

Vefurinn er nokkurs konar kennsluvefur um nám fullorðinna. Hróbjartur Árnason, lektor, heldur vefnum úti. Slóðin er: <https://namfullordinna.is>